



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

66. Fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í kennara-
stofu 1.feb. 1982 kl. 17.00. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson
skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Ómar
Bjarnþórsson, Hreinn Ásgrímsson, Sævar Guðbergsson, Jón Hólm-
geirsson, Ingvar Jóhannsson, Ægir Sigurðsson, áfangastjóri,
Sturlaugur Ólafsson fulltrúi kennara og Valtýr Guðjónsson,
ritari skólanefndar.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skýrsla skólameistara í byrjun vorannar 1982. Í skólanum
stunda nú nám 471 nemandi, þar af 19 á flugliðabraut.
10 eru í meistaranámi. Í öldungadeild eru skráðir 162 nemendur,
nokkuð færri en á síðustu önn. Auk þess er námsskeiðshald
fyrir 48 manns í tréiðnum og fatasaumi. Nemendafjöldi alls
sem skólann sækir eru því 691. Þar breytingar urðu á kennara-
liði skólans að Matthías Sæmundsson hætti kennslu um sl. áramót
og tók við kennslu í norrænum fræðum við háskóla í Rómaborg.
Við kennslu hans hér í skólanum tók Auður Magnúsdóttir, stunda-
kennari. Auk þess hefur Bjarni Kristjánsson verið ráðinn
stundakennari í stærðfræði. Þau eru bæði stúdentar héðan.
Nokkuð var rætt um fyrirkomulag klæðskeranámskeiðs sem ekki
er fullmótað.- Þá gat skólameistari þess að rafiðnabraut við
skólann yrði brátt staðfest af ráðuneyti og lagði fram með-
mælabréf frá Félagi rafverktaka á Suðurnesjum sem lýsir ánægju
með þessa starfsemi skólans.

Um þessar mundir er verið að ljúka innkaupum á vélum fyrir málm-
iðnabraut. Að gefnu tilefni frá Ingvari voru taldar upp náms-
brautir við skólann. Þar eru upptaldar og tengsl beirra skýrð
á sérstöku fylgiskjali með fundargerð þessari.

2. Umræður um tillögur þróunarnefndar. Þær lágu fyrir í vélrituðum bæklingi, sbr. fyrri fundargerðir. Ómari og Hreini hafði verið falið að yfirfara þær. Bentu þeir á ýmis atriði í tillögum þessum sem þyrftu nánari skoðunar, einkum varðandi það sem virðist brjóta í bága við gildandi reglugerðir - og venjur um valdsvið skólameistara og skólanefndar. Þá ítrekaði formaður skólanefndar að í þær vantaði ýmislegt um æskilega framtíðarþróun og hlutverk, m.a. gagnvart atvinnulífi á Suðurnesjum. Sturlaugur Ólafsson og Ægir Sigurðsson, bentu á að tillögurnar fælu fyrst og fremst í sér það sem kennararnir teldu vera æskilegt, einkum í framtíð. Samþykkt var að fela þeim Ómari og Hreini að starfa áfram að skoðun á málinu og gera tillögur um nauðsynlegar breytingar á niðurstöðum þróunarnefndar sem þá þyrfti að starfa eitthvað áfram líka.

3. Lögð fram endurskoðuð fjárhagsáætlun skólans fyrir árið 1982 - ásamt niðurstöðum reiknings 1981 og áætlun fyrir það ár. Heildarniðurstaða rekstursliða 1982 fyrir utan laun kennara er áætluð kr. 3.726.000 sem skiptast á aðjöfnu milli ríkis og sveitarfélaga - þó með frávikum um einstaka liði sem ríkið neitar að taka þátt í. Fjárfesting er áætluð kr. 3.100.000, með hluta ríkis 60% og sveitarfélaga 40% (1.260:840) Samþykkt.

4. Önnur mál:

- a) Menntamálaráðuneyti hefur fallist á að veita Konráði Ásgrímssyni 11 vikustunda leyfi frá kennsluskyldu án skerðingar á embættislaunum, vegna vinnu hans við gerð kennsluefnis í sálar- og uppeldisfræðum.
- b) Vænta má að taka þurfi upp viðtækari kennslu í "tölvufræðum" og að því kemur að taka ákvörðun umtækjakaup til þeirrar kennslu. Var skólameistara ásamt sérfróðum kennara falið að kynna þetta mál síðar.
- c) Skólameistari gat þess að akstur flugbrautakennara hefði ekki fengist greiddur, þrátt fyrir fyrirheit, og lagði áherslu á að sá kostnaður yrði gerður upp hið fyrsta.
- d) Í athugun hjá skólameistara eru launaréttindi Valdísar Tómasdóttur, en hún lauk stúdentsprófi frá skólanum í des. sl.

- e) Konráð Ásgrímsson, Þórunn Friðriksdóttir og Ægir Sigurðsson óska eftir að fá skipun í embætti og leggja fram próf í uppeldis- og kennslufræðum sem þau hafa lokið. Skólanefnd mælir með umsóknum þeirra um skipun.
- f) Skólameistari á kost á að taka þátt í kynnisferð á vegum Skólameistarafélags Íslands til U.S.A. í byrjun okt. næstkomandi. Skólanefnd telur slíka ferð æskilega.
- g) Skólameistari lagði fram kröfubréf frá ensku firma, A.J. Morgan & Son ltd., út af pöntun Sigurðar Erlendssonar og G.J. Fossbergs á plötusaxi fyrir málmiðnabraut. Pöntun þessi hefur ekki verið gerð með samþykki skólans, og honum því óviðkomandi. Kröfubréfið hljóðar upp á £1000, verði vélin ekki tekin. Mótmælt er öllum kröfum í þessu efni.
- h) Sturlaugur Ólafsson vakti máls á að koma þyrfti bætt umferðaraðstaða fyrir fatlaða við skólann, - ennfremur að bæta þyrfti lýsingu við flugvallarveg á svæðinu milli Skólavegar og Iðavalla 1. Samþykkt að vinna að því.
- i) Ingvar Jóhannsson minnti á ófullnægjandi aðstöðu vélstjórnarbrautar, en fyrir hana er nánast ekkert rými í skólahúsinu að Iðavöllum. Mál þetta þarf að ræða síðar.
- j) Rætt var um störf Árna Þorsteinssonar sem enn vinnur við gangavörslu og fleira nokkrar stundir á dag þótt ráðgert hafi verið að hann ynni aðeins til áramóta. Samþykkt var að fela skólameistara og formanni skólanefndar að rita bréf til menntamálaráðuneytisins, skýra þörfina á vinnu hans til vors og fara þess á leit að ríkissjóður greiddi að hálfu laun hans fyrir 6 stunda vinnu til aprílloka.
- k) Skólameistari skýrði frá að Helgi G Þórðarson hafi mælt upp húsnæði skólans, bæði við Sunnubraut og Iðavelli, tímametið ræstingavinnu og afhent skólayfirvöldum og starfsfólki við ræstingu ákvæðisblöð fyrir ræstingu og fjölritaða verklýsingu. Tekur hún gildi frá áramótum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Valtýr Guðjónsson, ritari.

Y F I R L I T um nemendafjölda í Fjölbrautaskóla Suðurnesja skólaárið 1981-1982.

	Hautönn 1981	Vorönn 1982
Dagskólanemendur í fullu námi	452	452
Flugnemar	11	19
Samtals:	463	471
Nemar á meistaranámsbraut í byggingagreinum:	11	10
Öldungadeildarnemar í bóknámsgreinum	220	162
Öldungadeildarnemar í fatasaumi og tréiðnum	64	48
Samtals:	295	220
Nám af einhverju tagi stunduðu því alls:	758	691

Fjölbrautaskóli Suðurnesja: Lélegur árangur nemenda í stærðfræði er vegna ónógrar undirstöðu

Undanfarin misseri hafa fyrsta ars nemendur í Fjölbrautaskól- anum tekið mjög slæm próf í stærðfræði. Ýmsum skýringum hefur verið haldið á lofti vegna þessa, en flestar fjarri sanni, a.m.k. ef marka má orð skóla- stjóra Gagnfræðaskólans í Keflavík.

Á fundi bæjarstjórnar Kefla- vikur í síðustu viku komu mál Fjölbrautaskólans nokkuð til umræðu. Þar var m.a. fjallað um ovenjulega lélegan árangur nýnema í stærðfræði. Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskóla- meistari Fjölbrautaskólans, og Sigurður Þorkelsson, skólastjóri Gagnfræðaskólans, sitja báðir í

bæjarstjórn og töluðu þeir aðal- lega um þetta vandamál, sem veldur mörgu foreldrinu miklum áhyggjum.

Sigurður Þorkelsson sagði að aðal ástæðan fyrir hinum lélega árangri nýnema í Fjölbrautaskól- anum í stærðfræði væri vegna ónógrar undirstöðu sem nemendur fengu í Gagnfræða- skólanum.

Til skamms tíma, sagði Sig- urður, voru kenndir 7 tímar í viku í algebru í Gagnfræðaskólanum, en síðan var þeim fækkað niður í 5. Þetta var ákveðið af men- málaraðuneytinu. Af þessum 5 kennslustundum sem nemend- ur fengu í stærðfræði voru ein- ungis 3 skyldubundnir algebru- tímar. 2 tímar voru valfrjalsir og reynslan leiddi í ljós að lang flestir völdu rúmfræði eða versl- unarreikning í stað algebru. Þegar þessir sömu nemendur komu í Fjölbrautaskólann þar sem byrjað er á algebru, var ekki við óðru að buast en slæmum árangri.

Sigurður sagði einnig að skólinn hefði tekið þá ákvorðun að hætta við valfrjalsu tímana og kenna þess í stað algebru í 5 tíma og vonaði hann að þetta yrði til að betri árangur næðist hjá nýnemum í Fjölbrautaskólanum



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík

Pósthólf 100 Sími 92-3100

NÁMSSVIÐ OG NÁMSBRAUTIR

Hér fer á eftir skrá yfir námssvið og námsbrautir í skólanum. Skipting námsbrauta á svið er að mestu í samræmi við þá sviðaskiptingu sem fram kemur í frumvarpi til laga um framhaldsskóla. Rétt er að vekja athygli á því að skipting á svið og brautir er fyrst og fremst skrásetningartæknilegs eðlis, en hún á sér ekki samsvörun í námshópaskiptingu nemenda - nema í sérgreinum. Í almennum greinum er nemendum skipt í hópa án tillits til sviðs eða brautar. - Námsbrautir innan sama sviðs eru svo líkar að langflestir áfangarnir eru sameiginlegir. Glögggt yfirlit um þetta er í NÁMSVÍSI FJÖLBRAUTASKÓLA, útg. 1980.

Heilbrigðisvið:	Heilsugæslubraut, H2 og H4
Matvælasvið:	Fiskvinnslubraut, F1 og F2
Listasvið:	Tónlistarbraut
Raungreinasvið:	Eðlisfræðabraut Náttúrufræðabraut Tæknibraut
Samfélagssvið:	Félagsfræðabraut Fjölmiðlabraut Íþróttabraut, I2 og I4 Uppeldisbraut, U2 og U4
Viðskiptasvið:	Viðskiptabraut, V2 og V4.

Ofangreind námssvið eru almennt kölluð bóknámssvið.

Raungreinasvið og samfélagssvið samsvara hefðbundnu menntaskólanámi og viðskiptasvið námi í Verslunarskóla Íslands.

Sérgreinanám á þremur fyrstnefndu sviðunum fer ýmist fram samhliða eða að loknu námi í FS í sjúkraliða-, hjúkrunar-, fiskvinnslu- eða tónlistarskóla.

Á nokkrum námsbrautum er unnt að ljúka fullgildu námi á 1-2 árum (F1, F2, H2, I2, U2 og V2), en stúdentsprófi á 4 árum - eða skemmri tíma sýni nemendur sérstakan dugnað - á öllum ofangreindum námssviðum nema matvælasviði.

Námsbrautir þar sem sérgreinar - ýmist bóklegar eða verklegar - eru þungamiðja náms og meirihluti námsefnis eru margar og sundurleitar, en þeim er öllum skipað á sama svið - sem sundurgreinist sem hér segir:

Tæknisvið:

1. Flugliðabraut
2. Iðn- og verknámsbrautir
 - 2.1. Verknámsbrautir hársnyrtiiðna
 - 2.2 Málmiðnabrautir
 - a) verknámsbraut málmiðna - grunnnám án samnings
 - b) samningsbundið iðnnám í pípulögnum, plötu- og ketilsmíði, stálskipasmíði, vélvirkjun og rennismíði o.fl.
 - 2.3. Netagerð - samningsbundið iðnnám
 - 2.4. Tréiðnabrautir
 - a) verknámsbraut tréiðna - grunnnám án samnings
 - b) samningsbundið iðnnám í húsasmíði, húsgagnasmíði, múrsmíði, tréskipasmíði o.fl.
 - 2.5. Rafeindabrautir
 - a) verknámsbraut rafiðna
 - b) rafiðnabraut - samningsbundið iðnnám
3. Meistaránámsbraut í húsasmíði, múrsmíði og pípulögnum
4. Vélstjórnarbraut, 1. stigs

Skólahús Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru tvö: að Sunnubraut 36 og Iðavöllum 1.

Í skólahúsinu við Sunnubraut fer fram næstum öll kennsla í "bóknámsgreinunum" svonefndu, en flestar sérgreinar á iðn- og verknámsbrautu og vélstjórnarbraut eru kenndar að Iðavöllum 1.

Öll íþróttakennsla er framkvæmd í Íþróttahúsi Keflavíkur, Sunnubraut

Skólameistari